

Grindavíkurbær  
Ingvar Þór Gunnlaugsson,  
forstöðumaður  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
09. feb. 2012 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. febrúar 2012  
Tilvísun: UST20120100029/ksj

### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á athafnasvæði og reit undir þjónustustofnanir

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs er barst 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi á lóð II við Bláalónsveg við Svartsengi í Grindavík. Í tillögu að deiliskipulagi felst að deiliskipulagi á athafnasvæði og á reit fyrir þjónustustofnanir er breytt.

### Forsendur

HS Orka ráðgerir að leiða affallsvökva frá Bláa lóninu í sprungurein sem staðsett er vestur af bílastæði Bláa lónsins. Til þess að unnt sé að dæla affallsvökvanum í sprungureinina er þörf á að byggja dælustöð fyrir uppdælingu norðan við lónið og leggja þrýstilögn meðfram Bláalónsvegi, á milli fyrirhugaðrar dælustöðvar að borteigi á sprungurein.

### Tillaga að breyttu deiliskipulagi

Á lóð II er í gildandi deiliskipulagi gert ráð fyrir heilbrigðisþjónustu og mannvirkjum tengdum Bláa lóninu. Í tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóðinni bætist dælustöð við fyrrgreinda starfsemi.

Í tillögu að breyttu deiliskipulagi felst: Afmörkun á byggingarreit fyrir dælustöð á norðurhluta lóðar II á deiliskipulagi. Aðkomuvegur að dælustöð. Lagnaleið fyrir þrýstilögn innan skipulagsreitsins. Einnig er stærð og afmörkun skipulagssvæðis breytt, mörk skipulagssvæðis stækkar lítillega til norðurs í átt að Bláalónsvegi til að unnt sé að koma fyrir lög og aðkomuvegi.

### Dælustöð

Byggingarreitur dælustöðvar er 200 m<sup>2</sup>, heimilt er að reisa 50 m<sup>2</sup> dælustöð ofanjarðar, sem er allt að 200 m<sup>2</sup> neðanjarðar.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að dælustöð falli vel að umhverfi, og telur að mikilvægt sé að velja lit af kostgæfni. Stofnunin vísar í 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en þar kemur fram að: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.“

### Staðsetning dælustöðvar

Eins og fram kemur í greinargerð er væntanleg dælustöð staðsett á eldhrauni er nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Athygli vekur hve langa leið vegur að dælustöð tekur, en vegurinn fer í s sveigjur að suðurhorni dælustöðvar. Að mati stofnunarinnar virðist vegur að dælustöð óþarflega langur, styttri leið hefði verið að norðurhorni dælustöðvar og þar af leiðandi minna rask á hrauni.

### Umhverfismat


Að mati Umhverfisstofnunar munu áform um að byggja dælustöð á lóð II við Bláalónsveg valda meiri umhverfisáhrifum á jarðmyndanir en þau áhrif sem gildandi deiliskipulag hefði haft í för með sér. Stofnunin er því ósammála niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum tillögu að breyttu deiliskipulagi á jarðmyndanir.


Umhverfisstofnun tekur undir að þar sem væntanleg dælustöð verður sýnileg þeim gestum er heimsækja Bláa lónið mun framkvæmdin mögulega hafa áhrif á svæðið sem útivistar- og ferðamannastað.

### Niðurstaða

Ofangreind tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðar II við Bláalónsveg mun raska hraunmyndunum er hafa sérstaka vernd skv. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Einnig mun ofangreind tillaga að breyttu deiliskipulagi breyta ásýnd sem er nú á aðkomu að Bláa lóninu sem er einn fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi. Lengi hefur förgun affallsvökva frá HS Orku og Bláa lóninu verið erfiðleikum bundið og hefur affallsvökvi flætt um hraun umhverfis baðsvæðin. Affallsvökvinn drepur mosa og breytir ásýnd hrauns. Umhverfisstofnun telur afar mikilvægt að förgun affallsvatns verði leyst til langframa. Við ofangreindar framkvæmdir verður affallsvökvi leiddur í sprungur vestur af þeirri lóð sem tillaga að breyttu deiliskipulagi fjallar um. Að mati Umhverfisstofnunar er sífellt verið að raska hrauni umhverfis baðsvæðin í Svartsengi, og þarf að meta hvenær óafturkræf röskun hrauns er orðin það mikil að ásýndaráhrif breyti umhverfi HS Orku og Bláa lónsins.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg B. Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur